Tengja posa frá Teya

Síðast uppfært 25/08/2026 3:19 pm BST

Hvernig virkar posatenging?

Hægt er að tengja posa frá Teya við sölukerfi Noona. Með því hoppar upphæðin beint í posann um leið og þú velur greiðslukort sem greiðslumáta í Noona HQ og reikningurinn merkist sem greiddur um leið og posafærslan fer í gegn. Þetta tryggir það að reikningar séu að stemma við færslur í posanum, réttur posi sé valinn við afgreiðslu og síðan skapar þetta auðvitað aukin þægindi & tímasparnað.

Setja upp posatengingu

Ert þú að nota Noona HQ í vafra eða appið? Það skiptir ekki máli á hvorum staðnum þú tengir posann en hér fyrir neðan eru leiðbeiningar fyrir hvoru tveggja.

Ertu verktaki?

Áður en þú byrjar á því að tengja posann passaðu þá upp á að eftirfarandi atriði séu í lagi:

1. Þú ert skráð/-ur inn á þinn eigin Noona HQ aðgang. Ef þú ert ekki viss geturðu farið undir **Stillingar -> Almennt** og séð þar netfangið sem er innskráð.

2. Sért skráð/-ur sem verktaki í sölukerfinu. Smelltu hér til þess að finna upplýsingar um hverngi það er gert.


3. Nú er allt klárt og þú getur fylgt leiðbeiningunum hér að neðan.

1. Farðu í **Valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu (ef þú ert í vafra) en niðri í hægra honinu (ef þú ert í appinu). Svona lítur merkið út:




2. Því næst skrollarðu neðst niður undir **Stillingar** - **Viðbætur** (ef þú ert í vafra) eða smellir á **Þrjá punktana** uppi í hægra horninu **- Stillingar - Viðbætur** (ef þú ert í appinu).

3. Nú smellir þú á **Tengja** undir Teya merkinu.




4. Þá ætti Teya innskráningarglugginn að opnast þín megin:

> Ef þú ert ekki viss hvaða netfang er tengt hjá Teya þá getur þú heyrt í okkur og við finnum rétta netfangið fyrir þig. Annað hvort með því að senda okkur skilaboð í spjallbúbbluna inn í Noona HQ eða tölvupóst á hq@noona.is



5. Skráir þig inn á Teya aðganginn þinn - ef þú manst ekki lykilorðið þá er hægt að ýta á **Gleymt lykilorð**:




6. Þegar það er klárt ferðu sjálfkrafa aftur yfir á Noona HQ.

7. Þaðan ferðu í **Valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu (ef þú ert í vafra) en niðri í hægra honinu (ef þú ert í appinu). Svona lítur merkið út:




8. Skrollar neðst niður undir **Stillingar** (ef þú ert í vafra) eða smellir á **Þrjá punktana** uppi í hægra horninu (ef þú ert í appinu). Þaðan ferðu í **Greiðsluleiðir** sem þú finnur undir **Sala.**

Ef þú ert með hlutverkastillingar sem kallast **Starfsmaður** í Noona HQ getur þú ekki séð flipann **Greiðslumáti.** Því myndir þú fyrst þurfa að biðja eiganda um leyfi fyrir þessum stillingum.



9. Undir flipanum **Greiðslumáti** smellirðu á **Tengja posa**.

10. Velur réttan posa út frá S/N númerinu sem þú finnur aftan á posanum þínum.



> Athugið að það er ekki nóg að vera skráður inn á hvaða eiganda aðgang sem er heldur þarf það að vera aðgangurinn sem er tengdur útgefandanum eða sama netfang og er skráð hjá færsluhirðinum.

Nú er allt klárt Noona HQ megin!

Að lokum þarft þú að klára að stilla posann:

Stilla posann

Eina sem þarf að gera til þess að stilla posann er að virkja kassakerfisstillinguna.

Þegar þú hakar við **Virkja kassakerfisstillingu** þá læsist skjárinn og því ekki hægt að stimpla beint inn í hann.

Ef þú þarft að gera eitthvað inn í posanum þá fylgir þú leiðbeiningunum hér að ofan og tekur hakið af **Virkja kassakerfisstillingu**.

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna ef þú ert með spurningar eða ábendingar
